

## AUGLÝSING

### um endurskoðað hættumat vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 19. desember 2018 staðfest tillögur hættumatsnefndar Vesturbyggðar að endurskoðuðu hættumati vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 29. janúar 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2019